

Miðvikudaginn 30. maí 1934.

Nr. 113/1933. **C. A. Broberg f. h. váttryggingarfé-
lagsins Danske Lloyd**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Haraldi Þ. Thorlacíus

(Garðar Þorsteinsson).

Slysabætur.

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. ágúst 1933: Stefn-
ur, h/f. Aðalstöðin, greiði stefnandanum, Haraldi Þ.
Thorlacíus, kr. 3000.00 með 6% ársvöxtum frá 23. ágúst
1931 til greiðsludags og kr. 250.00 í málskostnað innan
fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri að-
för að lögum.*

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir viðurkent það, að honum beri sem váttryggjanda bifreiðarinnar R.E. 77 samkvæmt 17. gr. laga nr. 70/1931, að greiða stefnda þær bætur, er honum kynni að verða dæmdar í máli þessu. Umboðsmaður váttryggingarfélagsins hér hefir einnig sótt sáttafundi í málinu og í raun og veru tekið að sér vörn þess í héraði, þó að hann væri ekki að formi til aðili. Ennfremur er það upplýst fyrir hæstarétti, að síðan dómur var kveðinn upp í málinu í héraði, hefir Aðalstöðin h/f verið leyst upp. Loks hefir stefndi ekkert haft við málskot áfrýjanda að athuga. Að öllu þessu athuguðu þykir mega dæma mál þetta að efni til, enda þótt áfrýjandi hafi skotið því til hæstaréttar einungis sem meðalgöngumaður.

Áfrýjandi hefir krafizt, *aðallega*, að h/f Aðalstöðin verði með öllu sýknuð af kröfum stefnda og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað

bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en *til vara*, að hin dæmda upphæð verði færð niður og að vextir af henni verði aðeins dæmdir 5% á ári frá útgáfudegi sáttakæru, enda verði þá málskostnaður í héraði látinn niður falla, og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Með því að stefndi í héraði krafðizt sýknu í málinu, þykir hann þar með hafa jafnframt mótmælt nægilega vaxtakröfu stefnanda þar. Má því nú taka til greina mótmæli áfrýjanda um vextina, og verða þeir því dæmdir aðeins 5% á ári frá sáttakærudegi, eða 6. maí 1932. Með þessari breytingu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, með því að ekkert þykir annars við hann að athuga.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó svo, að vextir af hinni dæmdu upphæð skulu vera 5% á ári frá 6. maí 1932 að telja.

Áfrýjandi, C. A. Broberg f. h. váttryggingarfélagins Danske Lloyd, greiði stefnda, Haraldi Þ. Thorlaciús, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. maí f. á. af Haraldi Þ. Thorlacius, hér í bæ, gegn h/f. „Aðalstöðin“, hér í bænum, til greiðslu á kr. 5000.00 með 6% ársvöxtum frá 23. ágúst 1931 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Málavextir eru, eftir því sem fyrir liggur, þeir, að hinn 23. ágúst f. á. var bifreiðin R.E. 77 eign stefnds ekið sem leið liggur hér inn úr bænum á leið upp að Geithálsi. Er bifreiðin var komin langleiðis inn að Elliðám mætti hún tveimur hjólreiðamönnum, er voru á leið að austan, og var annar þeirra stefndi. Hafa vitni þau öll, er leidd hafa verið um atburð þann er mál þetta snýst um, borið það, að þeir hafi báðir ekið réttu megin á veginum, en stefnandi sjálfur telur sig hafa ekið um miðjan veginn, og var hann á eftir hinum. Um bifreiðina er það upplýst, að hún ók á vinstra veghelmingi. Hinsvegar kemur ekki nákvæmlega fram hve hratt hún hefir farið, en svo virðist sem ökuhraði hennar hafi verið um 40 km. á klst. eða að minsta kosti svo mikill, og ekki verður séð, að hún hafi hægt nokkuð á sér frá þessari ferð er hún mætti hjólreiða mönnunum og var þó allmikill laus sandur og mól þarna á veginum en hann hinsvegar breiður vel. Ók bifreiðin nú fram hjá fyrri hjólreiðamanninum án þess nokkuð beri að, en er hún nálgaðist stefnanda, hrasaði hann á hjólinu fyrir bifreiðina eða misti stjórn á því, svo að það geigaði í veg fyrir hana. Var bifreiðin þá komin svo nálægt honum, að bifreiðarstjórinn taldi sig ekki hafa ráðrúm til þess að stöðva hana áður en árekstur yrði og sveigði hann því út af veginum til vinstri og rann hún áfram utan við veginn að minsta kosti lengd sína og stöðvaðist svo með framendan upp á meterhárri grjóthrúgu er þar var. Þrátt fyrir þetta lenti stefnandi þó á bifreiðinni hægra megin og kastaðist við áreksturinn út af veginum til sömu hliðar og bifreiðin ók og brotnaði á vinstra fæti rétt fyrir ofan hné og hjól hans gjöreyðilagðist. Var stefnandi síðan fluttur á Landakotsspítalann og þar dvaldi hann sem sjúklingur þar til 24. nóv. 1931 og samkvæmt vottorði læknis þess, sem stundaði hann, varð hann ekki vinnufær fyr en seint í apríl f. á.

Nú telur stefnandi að bifreiðarstjórinn á umræddri bifreið R.E. 77 hafi orðið orsök slyssins með of hröðum og ógætnislegum akstri og sé stefndur því, sem eigandi hennar skaðabótaskyldur gagnvart sér fyrir alt það tjón, sem hann hafi af slysinu hlotið, og hefir stefnandi áætlað að það nemi hinni umstefndu upphæð, en tjón sitt telur hann fólgið í sjúkrakostnaði, læknishjálpi, bótum fyrir atvinnumissi og skemmdir á reiðhjólinu.

Stefndur hefir mótmælt framangreindum kröfum stefnanda og krafist algjörlegrar sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Til vara hefir hann mótmælt skaðabótakröfunni sem alt of hárrí.

Sýknukröfuna byggir stefndur á því, að það hafi ekki verið sök bifreiðarstjórans hvernig fór. Telur hann, að slysið hafi að höndum borið af tilviljun, falli stefnanda inn á veginn í veg fyrir bifreiðina í sambandi við það, að stefnandi hafi ekið innarlega á veginum á hjólinu. Hafi það því ekki verið á valdi bifreiðarstjórans að koma í veg fyrir slysið og séu því skaðabætur vegna þess útilokaðar.

Rétturinn lítur nú svo á, að bifreiðarstjórinn á umræddri bifreið hafi, með því að aka með fyrgreindum hraða fram hjá hjólreiðamönnunum í stað þess að hægja þá svo á bifreiðinni að hann hefði fullt vald yfir henni, ekki sýnt þá aðgæzlu og varkárni, sem ökumanni er skylt að gæta og verður því ekki talið uppvíst, að slysið hefði hlotið að vilja til ef bifreiðarstjórinn, hefði gætt þessa. Er stefndur því, sem eigandi bifreiðarinnar, skaðabótaskyldur eftir 15. sbr. 16. gr. bifreiðalaganna gagnvart stefnda vegna slyssins og verður því sýknunarkrafa hans ekki tekin til greina.

Að því er skaðabótaupphæðina snertir hefir stefndi lagt fram gögn, sem stefndur hefir ekki mótmælt, fyrir því að hann hafi orðið að greiða kr. 899.00 fyrir læknishjálpi og sjúkrakostnað og ber því að dæma stefndan til að greiða þá upphæð. Þá hefir stefnandi upplýst það, að hann hafi átt kost á hásetastöðu á botnvörpuskipum mikinn hluta tíma þess, sem hann var frá verki vegna slyssins. Með tilliti til þess þykja bætur honum til handa fyrir atvinnutjón og skemmdir á reiðhjólinu hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 2101.00, þannig að stefndur

verður dæmdur til þess að greiða stefnanda samtals kr. 3000.00 með vöxtum eins og krafizt hefir verið, þar eð vaxtahæðinni hefir ekki verið mótmælt sérstaklega, svo og málskostnað sem ákveðst kr. 250.00.

Föstudaginn 1. júní 1934.

Nr. 21/1934. Magnús Jónsson prófessor juris
gegn

Jóni Ólafssyni.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu var vísað frá með dómi hæstaréttar 31. jan. þ. á. vegna þess, að áfrýjandi lagði þá ekki fram ágríp dómsgerða. Þann 5. febr. s. á. tók áfrýjandi af nýju út stefnu í málinu til hæstaréttar, sem þingfesta skyldi í maí þ. á. Var málið þingfest 30. maí þ. á., en þá lagði áfrýjandi ekki heldur fram ágríp dómsgerða, heldur bað um frest til þess þar til í októbermán. næstkomandi.

Stefndi mótmælti öllum fresti, krafðist frávísunar og ómaksbóta. Með því að áfrýjandi hefur haft nægan tíma til að útvega dómsgerðir og gera ágríp af þeim til afnota í máli þessu, verður krafa hans um frest eigi tekin til greina gegn mótmælum stefnda, og verður því að vísa málinu frá dómi og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 40 kr. í viðlagðri aðför að lögum.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast frá dómi. Áfrýjandi, Magnús Jónsson prófessor juris, greiði stefnda Jóni Ólafssyni, 40 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.
